

Fundargerð

**50. fundur sveitarstjórnar haldinn að Hlíðavegi 6,
9. desember 2020, kl. 09:15.**

Fundinn sátu:

Helgi Héðinsson. oddviti , Elísabet Sigurðardóttir , Sigurður Böðvarsson , Halldór Þorlákur Sigurðsson , Dagbjört Bjarnadóttir og Sveinn Margeirsson.

Fundargerð ritaði: Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Göngu- og hjólastígur - 2008026

Undirritaður hefur verið samningur við Vegagerðina um stuðning við lagningu göngu- og hjólastígs frá Dimmuborgum að Skútustöðum.

Lagning göngu- og hjólastígs frá Reykjahlíð að Dimmuborgaaflleggjara er hafin og verður lokið vorið 2021. Stuðningur Vegagerðarinnar við áframhald verkefnisins er afar mikilvægur í samhengi viðspyrnu atvinnulífsins í Skútustaðahreppi, umferðaröryggis, loftslagsmála og í samræmi við opinbera stefnumótun á mörgum sviðum, t.d. áfangastaðaáætlun Ferðamálstofu, umferðaröryggisáætlun Skútustaðahrepps og Hamingjuverkefni Skútustaðahrepps.

Með lagningu stígsins frá Skútustöðum að Reykjahlíð aukast möguleikar íbúa og ferðamanna til að njóta einstakrar náttúru Mývatnssveitar samhliða hollri hreyfingu og útiveru. Á komandi mánuðum er stefnt að fullhönnun stígsins, í samstarfi við landeigendur og Vegagerðina, auk þess sem sjónum verður sérstaklega beint að nýsköpunartækifærum sem geta tengst þeirri innviðauppbýggingu sem framundan er.

Sveitarstjórn staðfestir samninginn og þakkar Vegagerðinni fyrir ánægjulegt samstarf í þessu mikilvæga verkefni.

Samþykkt

2. Vísindamiðlun við Mývatn - 2012006

Ýmis þekkingardröfn verkefni og stofnanir eru rekin innan Skútustaðahrepps og er t.d. þekking á lífríki og jarðfræði sveitarfélagsins umfangsmikil. Með því að miðla þessari þekkingu með skýrum og skilvirkum hætti má styðja við samþættingu námsgreina í menntakerfinu og samhengi formlegra rannsókna og þekkingu íbúa. Lagt er til að fulltrúum helstu verkefna og stofnana sem tengjast sveitarfélaginu verði boðið að kynna starfsemi sína fyrir sveitarstjórn, ásamt skólastjóra Reykjahlíðarskóla og verkefnastjóra samþættingar námsgreina innan skólans. Meðal verkefna og stofnana sem um ræðir eru: KMT (Krafla Magma Testbed), Minjavernd við Hofsstaði og Grænavatn og aðrar rannsóknir tengdar minjum,

RAMÝ, Náttúrustofa Norðurlands, Umhverfisstofnun, Landgræðslan, Þekkingarnet Þingeyinga, Menningarmiðstöð Þingeyinga, Hafrannsóknarstofnun, Mýsköpun, Norræna eldfjallamiðstöðin og Vatnajökulsþjóðgarður.

Samþykkt

3. 8. Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19. - 2011036

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins þann 26. maí sl. sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísu og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar. Uppbyggingarteymið fundar að jafnaði aðra hverja viku og gefur út stöðuskýrslur í kjölfar þeirra sem dreift verður til hlutaðeigandi og ráðgefandi aðila. Tekið er við ábendingum, beiðnum og fyrirspurnum tengdum félags- og atvinnumálum á netfangið, vidbragd@frn.is. Í stöðuskýrslu átta er að finna upplýsingar um atvinnuleysi í október og nýjan félagslegan aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar. Í skýrslunni er einnig tekin staðan á þjónustu til atvinnuleitenda og framgangi mikilvægra félagslegra verkefna sem unnið hefur verið að á síðustu misserum.

Lagt fram

4. Sérstakir íþrótt- og tómstundastyrkir vegna áhrifa Covid-19 - 2011037

Opnað hefur verið fyrir umsóknir á sérstökum íþrótt- og tómstundastyrkjum fyrir börn sem búa á tekjulægri heimilum þar sem markmiðið er að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi.

Styrkirnir koma til viðbótar hefðbundnum íþrótt- og tómstundastyrkjum sveitarfélaga. Alls verður um 900 milljónum króna varið í verkefnið árin 2020 og 2021 og er það hluti af aðgerðapakka sem kynntur var í vor og ætlað er að veita mótvægi vegna þeirra áhrifa sem COVID-19 faraldurinn hefur haft á afkomu efnaminni heimila í landinu.

Hér má nálgast kynningarmyndbönd á ellefu tungumálum sem ætlað er að vekja athygli á styrknum.

https://www.youtube.com/channel/UC-Kaj_-DYRuKbbs_PKS2CqQ

Lagt fram

5. Endurtilnefning í loftslagsráð - 2011039

Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir Svein Margeirsson, sveitarstjóra Skútustaðahrepps, sem aðalmann í loftslagsráð í stað Ragnars Franks Kristjánssonar.

Lagt fram

6. Skýrsla sveitarstjóra - 1611024

Lagt fram

7. SSNE - Fundargerðir - 1611006

Fundargerð 18. fundur SSNE dags. 25. nóvember. Fundargerðin er í fimm liðum.

Lagt fram

8. Umhverfisnefnd Fundargerðir - 1611036

Lögð fram fundargerð 18. fundar umhverfisnefndar dags. 30. nóvember 2020. Fundargerðin er í fimm liðum.

Lagt fram

9. Velferðar- og menningarmálanefnd: Fundargerðir - 1809010

Lögð fram fundargerð 22. fundar velferðar- og menningarmálanefndar dags. 01. desember 2020. Fundargerðin er í fjórum liðum.

Lagt fram

10. Landbúnaðar- og girðinganevnd: Fundargerðir - 1612009

Lögð fram fundargerð 9. fundar Landbúnaðar- og girðinganevndar dags 11. nóv 2020. Fundargerðin er í tveimur liðum.

Lagt fram

Fundi slitið kl. 11:15.

Helgi Héðinsson

Elísabet Sigurðardóttir

Sigurður Böðvarsson

Halldór Þorlákur Sigurðsson

Dagbjört Bjarnadóttir
